




LÍMMIÐAPRENTUN Í CYBERLAB

Nauðsynlegt er að vera í Internet Explorer til að geta prentað út límmiða í Cyberlab.

Ef límmiðar prentast ekki út þegar beiðni er send úr Cyberlab getur verið að setja þurfi inn límmiðaprentara. Þá er punkturinn við  **Status** rauður eða tómur hvítur kassi þegar búið er að senda beiðni (er grænn ef virkur).



Tvísmellt er á punktinn sem er rauður ef það vantar límmiðaprentara (annars grænn). Velja þarf nafn sem byrjar á UTS númeri límmiðaprentarans (á að vera límt á hann) og smella á **OK**



Við þetta á rauði punkturinn við „**Status**“ að verða grænn og límmiðar prentast út.(gæti þurft að ýta á “Refresh”)

Einnig er hægt að athuga hvort límmiðaprentun er virk, án þess að verið sé að slá inn beiðni, með því að fara í **Eftirfylgni með beiðni**. Í Heilsugátt er farið í Allar aðgerðir -> Almenn -> Eftirfylgni í Cyberlab og slá inn

kennitölu og fara inn í beiðni og smella á  **All** prenta merkimiða. Tvísmella síðan á punktinn(gæti verið feringur) við **Status** og slá inn nafn prentara hér að ofan ef glugginn er tómur.

Nafn límmiðaprentara fer eftir notanda sem skráður er inn í Windows en tölvur í Citrix umhverfi eru alltaf með sama deildarnotanda skráðan inn og þarf því ekki að hugsa um það. Á deildum þar sem eru margir límmiðaprentarar og starfsmenn eru ekki alltaf á sömu deild þarf að hafa þetta í huga þ.e. ef starfsmenn nota ekki deildaraðgang. Ath að rétt UTS númer sé valið ef fleiri en einn prentari er í notkun á deild.

Ef límmiðaprentari sem ætlunin er að velja birtist ekki á vallistanum þá getur verið að notandi hafi ekki aðgang að honum og þá þarf að hafa samband við HUT til að gefa aðgang.

Ef upp kemur sprettigluggi með “Warning” og gulum þríhyrning og þá á haka í “Trust” og smella á “Run”.